

Traustur grunnur og nýr vaxtarkafli hjá Nova Klúbbnum

Nova Klúbburinn skilaði traustum rekstri á öðrum ársfjórðungi 2026 samhliða verulegum breytingum á samstæðunni. Heildartekjur námu 4.192 m.kr. og jukust um 22% milli ára, einkum vegna þess að rekstur Ofar kemur inn í samstæðureikninginn frá 1. júní. Þjónustutekjur Nova námu 2.804 m.kr. og jukust um 3,2%. EBITDA fjórðungsins nam 702 m.kr. og EBITDA-hlutfall var 16,7%. Hagnaður eftir skatta nam 34 m.kr. og handbært fé frá rekstri var 1.029 m.kr.

Á fjórðungnum tók Nova Klúbburinn mikilvæg skref í þróun samstæðunnar. Ofar varð hluti af samstæðunni, Kosmos hóf fjarskiptabjónustu í maí og samstarfið við Rafal komst á skrið. Samhliða var ráðist í aðgerðir til að einfalda rekstur Nova, bæta arðsemi og styrkja grunninn að áframhaldandi vexti, en áhrifa þeirra er að vænta síðar á árinu.

Samanburður við fyrra ár mótast af nokkrum breytingum á samstæðunni. Rekstrarfyrirkomulag Nova breyttist við sölu 4G- og 5G-dreifikerfisins til Sendafélagsins um síðustu áramót og Ofar er aðeins hluti af uppgjörinu í einn mánuð. Þá kemur kostnaður vegna uppbyggingar Kosmos fram á fjórðungnum, en tekjur eru enn takmarkaðar þar sem þjónusta hófst í maí og fyrsti þjónustumánuður viðskiptavina er án endurgjalds.

Helstu niðurstöður á öðrum ársfjórðungi:

- Heildartekjur voru 4.192 m.kr. og aukast um 22% á milli ára.
- Þjónustutekjur Nova námu samtals 2.804 m.kr. og jukust um 3,2% á milli ára.
- EBITDA nam 702 m.kr. og EBITDA hlutfallið var 16,7% á fjórðungnum
- Hrein fjármagnsgjöld á fjórðungnum námu 272 m.kr.
- Hagnaður fjórðungsins eftir skatta var 34 m.kr.
- Handbært fé frá rekstri á tímabilinu er 1.029 m.kr.
- Eiginfjárhlutfall var 32,5% í lok tímabilsins og eigið fé nam samtals 9.315 m.kr.

Sylvía Kristín Ólafsdóttir, forstjóri Nova Klúbbsins, segir uppgjörið sýna sterkan rekstur Nova á sama tíma og samstæðan tekur á sig skýrari mynd og fjárfest er í nýjum vaxtartækifærum.

„Nova Klúbburinn er á spennandi tímamótum. Við erum að þróast frá einu öflugum fjarskiptafélagi yfir í klúbb sérhæfðra félaga sem sækja vöxt þar sem tækni, innviðir og góð þjónusta mætast. Uppbyggingin krefst fjárfestingar áður en ávinningurinn skilar sér að fullu, en markmiðið er skýrt: að breikka tekjugrunninn, styrkja afkomuna og skapa fleiri leiðir til vaxtar.


Ofar er fyrsta stóra skrefið í þeirri vegferð. Félagið kemur inn í samstæðureikning Nova Klúbbsins frá 1. júní og því sjáum við aðeins áhrif eins mánaðar í uppgjörinu. Rekstur Ofar var sterkur á fyrri árshelmingi og kemur félagið inn í samstæðuna og styrkir enn frekar sjóðstreymi samstæðunnar. Á fyrri árshelmingi jukust tekjur um 26% og EBITDA um 46% milli ára. Nýir tekjustraumar eru jafnframt að byggjast upp og þjónustutekjur að aukast. Samlegðartækifæri eru þegar komin í vinnslu, meðal annars með betri nýtingu sameiginlegs vöruhúss. Við ætlum að byggja áfram á þessum grunni með starfsfólki Ofar og sækja þau tækifæri sem skapa raunverulegt virði fyrir félagið og viðskiptavinum þess.

Kosmos er skýrasta dæmið um hvernig Nova Klúbburinn ætlar að ögra markaðnum og sjálfum sér. Félagið kom inn á markaðinn í maí með lægsta verð í 5G og farsímapjónustu og var byggt frá grunni með gervigreind, fámennnt teymi og einfalt, alstafrænt rekstrarlíkan að leiðarljósi. Viðskiptavinum fjölgar í takt við áætlanir og Kosmos gerir okkur kleift að ná til nýs markhóps og nýta innviði Nova betur. Samstarfið við Rafal er jafnframt komið vel af stað og þar felast tækifæri til að byggja nýjar lausnir á innviðum samstæðunnar.

Allt þetta byggir á Nova, sterkum sjóðstreymiskjarna samstæðunnar. Heildartekjur Nova jukust um 5% á öðrum ársfjórðungi og handbært fé frá rekstri nam 1.029 m.kr. Kostnaður hefur hins vegar aukist hraðar en tekjur og sú þróun er ekki ásatthanleg til lengri tíma. Við höfum þegar ráðist í aðgerðir, bæði í sókn og hagræðingu. Markmiðið er ekki einfaldlega að skera niður heldur að byggja hraðara, einfaldara og arðbærara Nova. Viðskiptavinir munu sjá breytingarnar skýrar á næstu misserum. Við höfum þegar kynnt nýja nálgun á fyrirtækjamarkaði sem gerir fjarskipti og tækni einfaldari fyrir fyrirtæki. Næst færur við öflugri endabúnað, eero, inn á Nova-heimili og bjóðum hverju heimili lausn sem tekur mið af eigin þörfum. Þetta er Nova í næsta gír: færri flækjur, persónulegri þjónusta og tækni sem hjálpar fólki og fyrirtækjum að fá meira út úr lífinu.“

Lykiltölur á fjórðungnum:

Tekjustofnar



Heildartekjur á milli ára hækka um 22% og námu samtals 4.192 m.kr. á öðrum ársfjórðungi. Sú hækkun skýrist helst af tekjum frá rekstri Ofar sem nú koma inn í samstæðu Nova Klúbbsins frá og með 1. júní. Tekjur Ofar í júní mánuði námu samtals 768 m.kr. og skiptast í tekjur af vörusölu sem námu 619 m.kr. og tekjur af sölu á hugbúnaði og þjónustu sem námu samtals 149 m.kr.

Þjónustutekjur í rekstri Nova, sem samanstanda af tekjum frá viðskiptavinum á FlakkNeti og FastNeti, námu samtals 2.804 m.kr. og vaxa um samtals 86 m.kr., sem er 3,2% vöxtur á milli ára. Tekjur af Flakkneti standa nokkurn veginn í stað milli ára þar sem tekjur af farsímapjónustu eru að aukast en erlendar reikitekjur eru að dragast saman á móti. Tekjur af FastNetinu eru áfram í góðum vexti sem skýrist af bæði góðri fjölgun viðskiptavina með heimilistengingar sem og sterkum tekjuvexti af Sérlausnum.

Tekjur af Vörusölu Nova námu samtals 510 m.kr. og aukast um 66 m.kr. milli ára þar sem m.a. góð aukning í sölu handtækja skýrir vöxtinn.

Aðrar tekjur Nova dragast saman milli ára um 157 m.kr. Á síðasta ári tekjufærði félagið 170 m.kr. vegna Sendafélagsins, leiðrétt fyrir þeim tekjum á samanburðarári þá er 13% vöxtur í öðrum tekjum Nova sem skýrist helst af auknum tekjum af endursölu.

Rekstrarreikningur

	2F26	2F25	Breyt.	Br. %	6M26	6M25	Breyt.	Br. %
Heildar rekstrartekjur	4.192	3.429	763	22%	7.423	6.753	671	10%
Kostnaðarverð seldra vara	2.345	1.528	817	54%	4.012	3.013	999	33%
Laun og launatengd gjöld	729	549	179	33%	1.319	1.099	221	20%
Annar rekstrarkostnaður	416	297	119	40%	741	598	143	24%
Heildarrekgjöld	3.490	2.374	1.116	47%	6.072	4.709	1.363	29%
EBITDA	702	1.054	-352	-33%	1.351	2.043	-692	-34%
EBITDA%	17%	31%	-14%	-46%	18%	30%	-12%	-40%
Afskriftir	-416	-608	-192	-32%	-781	-1.190	-409	-34%
Rekstrarhagnaður EBIT	286	447	-161	-36%	570	853	-283	-33%
Hrein fjármagnsgjöld	-272	-255	-17	6%	-474	-455	-19	4%
Áhrif hlutdeildafélaga	25	-3	28	n/a	71	-3	74	n/a
Tekjuskattur	-5	-39	34	-87%	-24	-78	54	-69%
Hagnaður tímabilsins	34	149	-115	-77%	143	317	-174	-55%
Grunn hagnaður á hlut	0,010	0,042	-0,032	-76%	0,041	0,089	-0,048	-54%

Heildar rekstrargjöld tímabilsins nema samtals 3.490 m.kr. og hækka um 47% á milli ára. Sú hækkun skýrist helst af rekstrarkostnaði Ofar sem kemur inn í samstæðu Nova Klúbbsins frá og með 1. júní sem og kostnaði vegna reksturs Kosmos frá því félagið hóf að selja sína þjónustu í byrjun maí mánaðar. Kostnaður í Ofar hefur hlutfallslega meira áhrif en tekjur í júní-mánuði vegna árstíðarsveiflna í rekstri félagsins.

Kostnaðarverð seldra vara nemur samtals 2.345 m.kr. og hækkar um 817 m.kr. á milli ára eða um 54%. Þar af er hækkun vegna Ofar og Kosmos 546 m.kr., leiðrétt fyrir því er hækkunin 18% milli ára sem skýrist helst af nýju rekstrarfyrirkomulagi vegna sölu á eignum og rekstri 4G/5G dreifikerfis til Sendafélagsins þar sem kostnaður sem áður féll undir fjárfestingar og afskriftir kemur nú fram í rekstrarreikning, einnig er aukning í kostnaðarverði birgja Nova vegna fjölgunar viðskiptavina og aukinnar notkunar á fastneti.

Laun og launatengd gjöld nema samtals 729 m.kr. og aukast um 179 m.kr. á milli ára eða um 33%. Þar af er hækkun vegna Ofar og Kosmos 150 m.kr., leiðrétt fyrir því er hækkunin 5,4% milli ára sem skýrist helst af kjarasamningsbundnum launahækkunum um áramót. Stöðugildum hjá Nova hefur fækkað frá áramótum og voru á 2. ársfjórðungi í línu við samanburðarár.

Annar rekstrarkostnaður nemur samtals 416 m.kr. og hækkar um 119 m.kr. sem nemur 40% hækkun á milli ára. Þar af er hækkun vegna Ofar og Kosmos 72 m.kr., leiðrétt fyrir því er hækkunin 15,8% milli ára. Á tímabilinu gjaldfærði félagið 18 m.kr. vegna kaupanna á Ofar, leiðrétt fyrir því er hækkunin milli ára 9,7% sem skýrist helst af almennum verðlagshækkunum þjónustuaðila.

EBITDA nemur samtals 702 m.kr. og lækkar um 352 m.kr. EBITDA hlutfall tímabilsins er 16,7%. Lækkun EBITDA skýrist helst af áðurnefndu breyttu rekstrarfyrirkomulagi Sendafélagsins þar sem afkoma þess færist nú undir hlutdeild í rekstrarreikning Nova Klúbbsins.

Afskriftir nema samtals 416 m.kr. og lækka um 192 m.kr. sem nemur 32% lækkun, þrátt fyrir hækkun afskrifta vegna Ofar og Kosmos um 27 m.kr., leiðrétt fyrir því er lækkunin 36% milli ára. Sú lækkun skýrist af afskriftum af rekstrarfjármunum á fyrra ári sem seldir voru til Sendafélagsins um áramót.

Hrein fjármagnsgjöld nema samtals 272 m.kr. og hækka um 17 m.kr. sem nemur 6,4% á milli ára. Þar af er hækkun fjármagnsgjalda vegna Ofar 22 m.kr., leiðrétt fyrir því er lækkun á fjármagnsgjöldum um 2,3% milli ára.

Hagnaður samstæðunnar nam 34 m.kr. á tímabilinu og lækkaði um 115 m.kr. frá fyrra ári. Afkoman tekur meðal annars mið af rekstri Ofar og Kosmos þar sem samanlagt tap nam 38 m.kr. Ofar var aðeins hluti af samstæðunni í júní, sem að jafnaði er einn tekjulægsti mánuður ársins hjá félaginu, og endurspeglar framlag þess í þeim mánuði ekki dæmigerðan heilsársrekstur.

Efnahagur

	30.06 2026	31.12 2025	Breyt.	Br. %
Viðskiptavild	13.070	10.136	2.934	28,9%
Óefnislegar eignir	1.386	1.330	56	4,2%
Rekstrarfjármunir	1.702	1.276	426	33,4%
Leigugeignir	4.742	4.268	474	11,1%
Eignahlutir í hlutdeildarfélagum	1.184	1.113	71	6,4%
Lán til tengdra aðila	152	1.801	-1.649	-91,6%
Tekjuskattsinneign	784	704	80	11,4%
Fastafjármunir samtals	23.022	20.628	2.394	11,6%
Birgðir	2.052	329	1.723	523,7%
Viðskiptakröfur	2.199	1.206	993	82,3%
Aðrar skammtímakröfur	462	491	-29	-5,9%
Handbært fé	928	890	38	4,3%
Veltufjármunir samtals	5.641	2.916	2.725	93,4%
Eignir samtals	28.663	23.545	5.118	21,7%





	30.06 2026	31.12 2025	Breyt.	Br. %
Eigið fé	9.315	9.595	-280	-3,0%
Vaxtaberandi langtímaskuldir	4.941	1.785	3.156	176,8%
Leiguskuldbindingar	6.729	6.289	440	7,0%
Aðrar skuldir	3.493	3.122	371	11,8%
Langtímaskuldir samtals	15.163	11.195	3.968	35,4%
Næsta árs afb. Langtímaskulda	305	105	200	190,5%
Viðskiptaskuldir	1.725	892	833	93,4%
Ógreiddir skattar	114	414	-300	-72,5%
Næsta árs afb. leigusk.	418	353	65	18,4%
Aðrar skammtímaskuldir	1.623	978	645	66,0%
Skammtímaskuldir samtals	4.185	2.753	1.432	52,0%
Skuldir samtals	19.348	13.949	5.399	38,7%
Skuldir og eigið fé samtals	28.663	23.545	5.118	21,7%

Fastafjármunir félagsins námu 23.022 m.kr. í lok tímabilsins en voru 20.628 m.kr. í ársbyrjun. Viðskiptavild hækkaði um 2.934 m.kr. vegna kaupanna á Ofar. Útdeilingu kaupverðs Ofar er ekki lokið og kann að taka frekari breytingum í allt að eitt ár frá yfirtökudegi. Lán til tengdra aðila lækkaði um 1.649 m.kr. sem skýrist af endurgreiðslu Sendafélagsins á hluthafaláni frá Nova. Veltufjármunir námu samtals 5.641 m.kr. í lok tímabilsins en voru 2.916 m.kr. í ársbyrjun. Þar munar mestu um aukningu vegna góðrar birgðastöðu Ofar sem nemur samtals 1.508 m.kr. Viðskiptakröfur aukast um 993 m.kr., þar af koma inn viðskiptakröfur frá Ofar sem nema samtals 1.277 m.kr., á móti lækka viðskiptakröfur Nova.

Eigið fé félagsins nam 9.315 m.kr. í lok tímabilsins en var 9.595 m.kr. um áramót. Eiginfjárlutfall félagsins var 32,5% í lok tímabilsins samanborið við 40,8% árið um áramót.

Langtímaskuldir félagsins að meðtöldum leiguskuldbindingum en frádregnum tekjuskattskuldbindingu námu samtals 14.858 m.kr. í lok tímabilsins en voru 11.195 m.kr. um áramót. Vaxtaberandi langtímaskuldir hækka vegna nýrrar lántöku að fjárhæð 2.700 m.kr. vegna kaupanna á Ofar sem og annarra langtímaskulda á efnahagsreikning Ofar að fjárhæð 714 m.kr. Leiguskuldbindingar hækka um 440 m.kr. sem skýrist að mestu af leiguskuldbindingum að fjárhæð 409 m.kr á efnahagsreikningi Ofar. Aukin skuldsetning hækkaði tímabundið reiknað skuldsetningarlutfall félagsins, sem byggir á rúllandi 12 mánaða EBITDA samstæðunnar. Þar sem skuldir vegna kaupanna á Ofar eru komnar inn á efnahagsreikning samstæðunnar er áætlað 12 mánaða hlaupandi EBITDA Ofar á móti bætt við útreikninginn.


Skammtímaskuldir félagsins námu 4.185 m.kr. í lok tímabilsins en voru 2.753 um áramót. Viðskiptaskuldir hækka um 833 m.kr. þar sem 343 m.kr. koma inn af efnahagsreikning Ofar. Aðrar skammtímaskuldir hækka um 645 m.kr. þar sem 554 m.kr. kom inn af efnahagsreikning Ofar.



¹ Heildar vaxtaberandi skuldir, leiguskuldbindingar og aðrar skuldir (langtíma- og skammtímahluti)

² Nettó vaxtaberandi skuldir, leiguskuldbindingar og aðrar skuldir / 12M EBITDA (Innfelur áætlaða 12m hlaupandi EBITDA Ofar)

Sjóðstreymi



¹ FCF = Veltufé frá rekstri að fráðregnum fjárfestingum í rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum

Handbært fé frá rekstri er 1.029 m.kr. og hækkar um 266 m.kr. miðað við sama tímabil á fyrra ári. Það skýrist helst af jákvæðri breytingu á rekstartengdum eignum og skuldum sem voru neikvæðar um 33 m.kr. á samanburðarári. Á móti eru greidd vaxtagjöld að aukast lítillega milli ára vegna aukinnar skulðsetningar tengt kaupunum á Ofar.

Fjárfestingahreyfingar samtals námu 4.244 m.kr. samanborið við 761 m.kr. á fyrra ári. Hækkunin skýrist að mestu vegna fjárfestingar í dótturfélaginu Ofar. Fjárfestingar tímabilsins í rekstrarfjármunum námu samtals 157 m.kr. og lækka um 177 m.kr. frá fyrra ári. Lækkunin skýrist vegna fjárfestinga í búnaði sem seldur var til Sendafélagsins um áramót. Eftirstandandi fjárfestingar samanstanda af fjárfestingum í áframhaldandi uppbyggingu á kjarna og stofnneti félagsins. Fjárfestingar í óefnislegum eignum námu samtals 151 m.kr. og hækka um 75 m.kr. frá fyrra ári, hækkunin skýrist m.a. af fjárfestingum í þróun á kerfum vegna stofnunar dótturfélagsins Kosmos sem og uppbyggingu á appi og þjónustuvef Nova.

Horfur fyrir árið 2026

Afkomuspá félagsins var uppfærð 13. júlí sl. í kjölfar kaupanna á Ofar. Samkvæmt uppfærðri spá er gert ráð fyrir að heildartekjur ársins verði á bilinu 19.000–19.400 m.kr., EBITDA verði á bilinu 3.600–3.800 m.kr. og heildarfjárfestingar nemi um 1.200 m.kr.

Þjónusta við hluthafa og fjárfesta

Á fjárfestavef Nova Klúbbsins <https://www.nova.is/fjarfestar> geta hluthafar og fjárfestar nálgast ítarlegri upplýsingar um rekstur Nova Klúbbsins í sögulegu samhengi.

Fjárfestar og hluthafar geta skráð sig í aðdáendaklúbbinn og þannig fengið fjárfestafréttir með öllum nýjustu fréttum, upplýsingum um reksturinn, uppgjör og viðburði sendar beint á netfangið sitt.

Fjárhagsdagatal 2026

Uppgjör 3F 2026	22. október 2026
Ársuppgjör 2026	25. febrúar 2027
Aðalfundur 2027	25. mars 2027

Nova Klúbburinn

Nova Klúbburinn er íslensk tækni- og þjónustusamstæða sem byggir á sterkum grunni Nova, eins öflugasta fjarskiptafyrirtækis landsins. Frá stofnun Nova árið 2006 hefur félagið verið í fararbroddi við innleiðingu nýrrar tækni og uppbyggingu fjarskiptaþjónustu. Í dag samanstendur Nova Klúbburinn af hópi sérhæfðra félaga, þar á meðal Nova, Ofar og Kosmos, sem sækja fram þar sem fjarskipti, tækni, innviðir og góð þjónusta mætast og hjálpar fólki og fyrirtækjum að fá meira út úr lífinu. Samstæðan leggur áherslu á einfaldar og snjallar lausnir sem skapa virði fyrir fólk og fyrirtæki.

Nánari upplýsingar

Sylvía Kristín Ólafsdóttir, forstjóri, sylvia@nova.is, s. 855 1155
Þórhallur Jóhannsson, fjármálastjóri, thorhallurj@nova.is, s. 770 1090

Tekjuflokkar

FlakkNet

Tekjur af þjónustu sem nýtir fjarskiptasenda. Þar með talið tekjur fyrir gagnanotkun gegnum farsíma og netbúnað. Einnig reikitekjur, samtengitekjur og aðrar tengdar tekjur.

FastNet

Tekjur af þjónustu sem nýtir fastnet. Þar með talið tekjur fyrir ljósleiðaratengingar og aðrar gagnatengingar yfir fastnet. Einnig aðgangsgjald, leiga á búnaði og aðrar tengdar tekjur.

Vörusala

Tekjur af sölu á símtækjum, netbúnaði, aukahlutum og öðrum búnaði.

Aðrar tekjur

Tekjur af annarri fjarskiptatengdri starfsemi sem fellur ekki undir ofangreinda flokka, svo sem fastlínubjónusta, samrekstur, endursala á þjónustu o.fl. Auk annarra rekstrartekna.